

**86. fundur**

86. fundur Heklunnar, atvinnupróunarfélags Suðurnesja og Markaðsstofu Reykjaness haldinn í fundarsal S.S.S., Skógarbraut 945, 262 Reykjanesbær, föstudaginn 11. júní 2021, kl. 8:30.

Mætt: Sigurgestur Guðlaugsson, Pálmi Freyr Randversson, Magnús Stefánsson, Guðmundur Pétursson, Sigrún Ásta Elefsen og Berglind Kristinsdóttir. Fundargerð ritaði Berglind Kristinsdóttir.

Fannar Jónasson og Ásgeir Eiríksson boðuðu forföll.

**Dagskrá:****1. Atvinnustefna fyrir Reykjaness – Gestur: Árni Geirsson, ráðgjafi frá Alta.**

Árni Geirsson kynnti fyrir stjórn Heklunnar og MR stefnumörkun að atvinnustefnu fyrir Reykjaness. Atvinnustefnunni er ætlað að leitast við að leggja fram tillögur sem verða til bóta, valkostí sem þarf að taka afstöðu til og svo vangaveltur um tækifærin sem kunna að felast í stærri eða lengri sýn á viðfangsefninum. Einnig verður leitast við að kortleggja auðlindir og gæði svæðisins.


Stjórn Heklunnar og MR þakkar góða kynningu og felur ráðgjafa að halda áfram með verkefnið í samræmi við umræður stjórnar.

**2. Varða- undirbúnингur að tilnefningu nýrra áfangastaða. ÁB ÞHAB**

Erindið er sent til forstöðumanna áfangastaðastofu landshlutanna og stjórna þeirra. Ráðherra ferðamála kynnti Vörðu – nýja og heildstæða nálgun áfangastaðastjórnunar. Fyrstu áfangastaðirnir voru kynntir en þeir voru allir staðsettir á Suðurlandi. Mikill áhugi hefur verið á verkefni og því hefur ráðherra ferðamála ákveðið að opna á það að áfangastaðastofur um allt land geti tilnefnt áfangastað sem geta hafið ferli til að verða Varða. Fyrsta skrefið í því er að halda sérstakar vinnustofu fyrir áfangastaðastofunnar sem eru að hefja ferli til að tilnefna Vörður.

Skilgreiningar um Vörður er að finna í stefnuskjali en m.a. kemur fram að Vörður séu fjölsóttir áfangastaðir sem ferðmenn sækja heim allt árið um kring. Mikilvægt er að sátt ríki um þá staði sem tilnefndir eru sem Vörður og það sé gert í samráði og með samþykkt sveitarstjórnarstigins. Búið er að úthluta fjármagni vegna ársins 2021 en fjármagni vegna 2022-2023 hefur ekki verið ráðstafað.

ÞHAB falið að senda erindi til Reykjaness Geopark og sveitarfélaganna á Suðurnesjum og óska eftir tillögum um staði á Reykjanesskaganum sem geta orðið Vörður.





3. **Íslands, komdu með – Tölvupóstur dags. 03.06.2021 frá Ferðamálastofu.**

Lagt fram til kynningar en fjármagn úr pottinum í tengslum við Íslands, komdu með skiptist með eftirfarandi hætti:

| Ísland, komdu með 2021                  |                  |                  |                  |                  |                  |                  |
|---|------------------|------------------|------------------|------------------|------------------|------------------|
| Skipting á milli svæða                  | Vesturland       | Vestfirðir       | Nordurland       | Austurland       | Suðurland        | Reykjanes        |
| Grunnupphæð                             | 750.000          | 750.000          | 750.000          | 750.000          | 750.000          | 750.000          |
| Skráningar í gagnagr. FMS               | 810.000          | 550.000          | 1.670.000        | 550.000          | 1.740.000        | 500.000          |
| Vegan fjarlægðar frá höfuðborgarsvæðinu |                  | 350.000          |                  | 350.000          |                  |                  |
| Eftirstöðvar frá 2020                   | 1.560.000        | 1.650.000        | 2.420.000        | 1.650.000        | 2.490.000        | 1.250.000        |
| Samtals til ráðstöfunar 2021            | 62.039           | 706.142          | 581.003          | 154.098          | 222.909          | 486.942          |
|   | <b>1.622.039</b> | <b>2.356.142</b> | <b>3.001.003</b> | <b>1.804.098</b> | <b>2.712.909</b> | <b>1.736.942</b> |

4. **Ársreikningur Markaðsstofu Reykjaness 2020.**

Hagnaður Markaðsstofu Reykjaness fyrir árið 2020 nam kr. 1.111.022,- Samkvæmt efnahagsreikningi nema eignir félagsins kr. 9.368.753,- en bókfært eigið fé í árslok er neikvætt um kr. 104.368,-

Rekstrartekjur ársins voru tæplega 74 mkr. en voru 45,5 mkr. árið 2019. Laun og starfsmannakostnaður var 23,5 mkr. og hækkaði um rúma 1 mkr. á milli ára. Annar rekstrarkostnaður var 47,5 mkr. en hann hækkaði um 27 mkr. á milli ára. Kostnaðurinn er tilkominn vegna verkefna sem Markaðsstofan tók að sér að vinna á árinu 2020.

Á árinu 2020 var skuld MR til SSS greidd niður um tæpar 9 mkr.

Stjórn Heklunnar og Markaðsstofu Reykjaness samþykkir ársreikninginn samhljóða.

5. **Atvinnuleysistölur**

Samkvæmt atvinnuleysistöllum sem birtar voru í gær þann 10. júní var almennt atvinnuleysi mest á Suðurnesjum eða 18,7% og minnkaði úr 21,6% í apríl. Næst mesta almenna atvinnuleysi var á höfuðborgarsvæðinu en það er 9,4%. Landsmeðaltalið var 9,1%.

Heildaratvinnuleysi á Suðurnesjum meðal kvenna er 23,1% en 17,4% meðal karla.

Ekki voru önnur mál á dagskrá.

Fleira ekki gert og fundi slitið 10:00.

Birgir Ólafsson  
 Birgund Kristinsdóttir  
 Þorvaldur Þorvaldsson  
 Þorvaldur Þorvaldsson  
 Þorvaldur Þorvaldsson